



Flóahreppur

Ellisif Malmo Bjarnadóttir

801 SELFOSS

Iceland

Garðabær, 5.3.2025

Málsnúmer: 202502-0003

LA

Efni: Vatnsverndarsvæði í Áshildarmýri. Breyting á aðalskipulagi Flóahrepps.

Vísað er til erindis Flóahrepps sem barst í gegnum Skipulagsgátt þann 30. janúar 2025, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um breytingur á Aðalskipulagi Flóahrepps 2017–2029 vegna nýs vatnsbóls og vatnsverndarsvæðis í Áshildarmýri. Vatnsverndarsvæðið nær yfir tvö sveitarfélög og samhliða verður gerð breyting á Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017–2029. Borað hefur verið eftir vatni á staðnum og er vatnsbólið í notkun

Vatnsbólið er í Áshildarmýri í Flóahreppi og er skammt frá sveitarfélagsmörkum. Vatn úr vatnsbólinu er nýtt fyrir íbúðar- og frístundabyggð í Áshildarmýri. Svæðið er nokkuð flatt, mosavaxið hraun. Vegslóði liggur frá frístundabyggðinni í Áshildarmýri að litlu dæluhúsi við borholuna.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér greinargerð og hefur áður gefið umsagnir um vatnsból og vatnsverndarsvæði í Áshildarmýri vegna skipulagsbreytinga. Náttúrufræðistofnun bendir á að vatnsverndarsvæðið, grannsvæði og fjarsvæði, skarast við náttúruvásvæði vegna flóðahættu í Hvítá og er full ástæða til að kanna möguleg áhrif þess á vatnsbólið í Áshildarmýri.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við breytingar á aðalskipulagi Flóahrepps.

Virðingarfyllst,

Lovísa Ásbjörnsdóttir

jarðfærðingur